

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)


Reykjavík, 2. desember 2020

**Efni: Frumvarp til laga um skipagjald, 313. mál.**

Samtök iðnaðarins og Samtök skipaiðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) skila sameiginlegri umsögn um frumvarp til laga um skipagjald, mál nr. 313/2020. Samtökin fagna því að lög um skipagjald skuli sett fram á einfaldan máta, aukinn sé skýrleiki við innheimtu gjaldsins og að fjárhæðir og álagning haldist óbreyttar frá 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003. Ennfremur fagna samtökin því að framvegis geti eigendur skipa fengið tilkynningu um álagningu skipagjaldsins rafrænt frá innheimtumönnum ríkissjóðs. Samtökin telja það einnig jákvætt að horfið sé frá haldlagningarrétti Samgöngustofu á haffærnisríkteinum sbr. 5. mgr. 28.gr. laganna. Samtökin gera þó neðangreindar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að eindagi skipagjalds verði ekki sá sami og gjalddagi, sem er 1. apríl skv. 3. mgr. 1. gr., heldur 15. maí ár hvert. Samtökin gera ekki athugasemdir við þá breytingu en lýsa þó yfir efasemdum um að lögveð verði tvö ár í stað eins árs vegna vangoldinna skipagjalda, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að innheimtumenn ríkisins telji eitt ár alltof skamman frest til að ljúka innheimtu og í mati á áhrifum frumvarpsins kemur fram að umrædd breyting auki líkur á árangursríkari innheimtu gjaldsins. Samtökin benda á að sú staðhæfing er ekki stutt neinum gögnum né hefur verið sýnt fram á að innheimta skipagjaldsins hafi verið árangurslítill á grundvelli núverandi fyrirkomulags. Sé ætlunin að tvöfalda tímalengd lögveðs vegna vangoldins skipagjalds er grundvallaratriði að sýnt sé fram á nauðsyn þess, t.d. með vísan til árangurslítillar innheimtu gjaldsins á grundvelli gildandi laga. Það hefur ekki verið gert og mótmæla því samtökin umræddri breytingu í 2. gr. frumvarpsins og leggja til að lögveð verði áfram til eins árs.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins og Samtaka skipaiðnaðarins



Guðrún Birna Jørgensen,  
viðskiptastjóri á framleiðslusviði SI